

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands 2. apríl 2012

Borgartúni 6, kl. 17:00

Dagskrá fundarins:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Laufey Gissurardóttir formaður hóf fundinn og bauð fólk velkomið, lagði til hverjir yrðu starfsmenn fundarins. Með því hófst formleg dagskrá.

- a) Kosnir starfsmenn fundarins

Lagt var til að starfsmenn fundarins yrðu Ólafur Garðar Rósinkarsson fundarstjóri, Hrefna Höskuldsdóttir og Sigríður I. Daníelsdóttir fundarritarar. Samþykkt með lófaklappi.

Ólafur bauð fólk velkomið og fór yfir að til fundarins var boðað með löglegum hætti, þ.e. boðað til með lögboðnum þriggja vikna fyrirvara og auglýsingu í einum ljósvakamiðli RUV.

Ólafur fór yfir dagskrá fundarins.

- b) Laufey Gissurardóttir lagði fram skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2011-2012. Byrjað var að fara yfir hvernig stjórn var skipuð og verkaskiptingu stjórnarmanna. Þær breytingar urðu á starfmannahaldi 1. maí 2011 að varaformaður og gjaldkeri eru ekki lengur í launuðu starfi. Anna Lilja Magnúsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri í 60% starf. Umsjón með heimasíðu félagsins er nú í höndum framkvæmdastjóra. Í félaginu eru 591 meðlimur og fagaðilar 11. Auk þess eru nokkrir nemar með aukaaðild.

Stjórnarfundir voru 15 á árinu, auk þess voru tveir vinnufundir þar sem annars vegar var starfsáætlun stjórnar unnir og hinsvegar handbók félagsins.

6. júní 2011 var haldin sameiginlegur fundur með öllum ráðum og nefndum þar sem markmið voru sett niður.

Trúnaðarmannafundir voru 3 á starfsárinu. Trúnaðarmannaráð skipaði 6 samninganefndir fyrir kjarasamningana. Nánar má sjá um samninganefndirnar í aðalfundargögnum bls. 4.

Stjórnin hefur lagt áherslu á að funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á þeirra heimaslóðum, nú þegar hafa verið haldnir 8 fundir og 3 verða nú í apríl. Á þessum fundum er farið yfir kjarasamningana og skoðað hvernig til hefur tekist í flutningi á málaflokknum.

Félagið tók þátt í fjölda verkefna á árinu svo sem: kynningarátaki BHM á Framadögum Háskólanna í febrúar sl. , Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8.mars sl.

Í júní 2011 var haldið hefðbundið boð fyrir útskriftarnema. Í febrúar sl. var haldin kynningafundur fyrir 2.árs nemendur í þroskaþjálfafraeðum þar sem félagið var kynnt.

Fræðslufundur var haldin 2 nóvember, umræðuefnið þar var notendastýrð persónuleg þjónusta(NPA). Fyrirlesarar voru Vilborg Jóhannesdóttir lektor, Auður Finnbogadóttir þroskaþjálfari og Gísli Björnsson háskólanemi og NPA notandi.

Í janúar var hefðbundið málþing, að þessu sinni var yfirskriftin Er barnalýðræði á Íslandi. Málþingið var haldið í samstarfi við ADHD félagið, Barnaverndarstofu, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Menntasvið HÍ, Innanríkisráðuneytið, SAMFÉS, Sjónarhól, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Umboðsmann barna og UNESCO. Mál manna var að málþingið hefði tekist vel.

Árið 2015 verður félagið 50 ára. Eins og samþykkt var á síðasta aðalfundi er þegar farið að undirbúa afmælið og er stjórn félagsins búin að skipa afmælisnefnd sem hefur þegar hafið störf. Einnig samþykkti stjórn á síðasta starfsári að fela þremur félögum að athuga möguleika á að láta skrifa og gefa út sögu félagsins. Stjórnin hefur ákveðið að setja 2 milljónir í fjárhagsáætlun á starfsárinu 2012-2013 í bókarskrifin.

Í ágúst 2011 hélt félagið í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands, ÍS-Forsa (Samstök um rannsóknir í félagsráðgjöf), Námsbraut í þroskaþjálfafraeðum við HÍ og Félagsráðgjafadeild HÍ, alþjóðlega ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Velferðarkerfi á óvissutímum. Hvert stefnum við – ábyrgð fagstétta?“ Ráðstefna þessi var fyrsta sinnar tegundar því þessi félög hafa fram til þessa haldið ráðstefnur fyrir sína félagsmenn hvert fyrir sig. Ráðstefnan leitaðist við að tengja saman rannsóknir, menntun og starfsaðferðir mismunandi fag- og fræðigreina. Jafnframt var haldin forráðstefna þar sem áherslan var á viðbrögð íslendinga við kreppunni. Þátttaka á ráðstefnuna var vonum framar, alls voru 440 þátttakendur og haldnar voru 30 málstofur. Nánar má lesa um ráðstefnuna í aðalfundargögnum.

Að venju tekur félagið þátt í erlendu samstarfi. Félagið á aðild að Nordisk forum for socialpedagoger (NFFS). Stærsta verkefnið var undirbúningur alþjóðlegu ráðstefnunnar. Þó var annað stórt verkefni sem félagið á hlut í, en það er Barnasáttmálinn og þroskaþjálfinn. Þar er lögð áhersla á að við sem fagmenn vinnum eftir barnasáttmálanum. Verkefninu er lokið, er á dönsku er verið að þýða á ensku. Stjórn er að leita leiða til að fjármagna íslenska þýðingu. Einnig á félagið fulltrúa í AIEJI (International Association of Social Educators).

Nánar er fjallað um þessi samtök í aðalfundargögnum.

Kjarasamningar voru gerðir á þessu starfsári en þeir höfðu verið lausir frá árinu 2009 og engar hækkanir átt sér stað síðan þá. Undirritaðir voru kjarasamningar, við Reykjavíkurborg, ríkið, Samband íslenskra sveitafélaga, Ás styrktarfélag, Skálatúnshemilið, Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) og Samtök atvinnulífsins. Allir samningarnir eru með gildistíma til 31. mars 2014 nema Skálatúnssamningurinn sem gildi til 31.12.2011 en nýlega var undirritaður nýr samningur við Skálatún með sama gildistíma og hinir samningarnir.

Samstarf hefur verið við BHM félögin í tengslum við bókun 1 í ríkissamningi, ekki hefur gengið vel að framfylgja þessari bókun. Reglulegir fundir hafa verið haldnir í samstarfsnefndum Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitafélaga varðandi mál sem hafa verið skotið til nefndarinnar og vegna bókana varðandi þroskaþjálfna sem starfa í grunnskólum og þróun launa forstöðuþroskaþjálfna. Þessir fundir hafa verið vikulega en formaður talaði um að langan tíma tæki að koma málum áfram en við mættum ekki gefast upp, verðum að halda réttindum okkar á lofti.

Faghópar innan félagsins eru orðnir 5. Þetta eru hópar þroskaþjálfna er starfa í búsetu, á dagvinnustöðum, í leikskólum, grunnskólum og hjá félagsþjónustum. Hóparnir starfa alfarið sjálfstætt og hafa haldið fræðslufundi og starfsdaga.

Reykjavíkurborg er að láta gera starfsmat á öllum störfum í málaflokknum. Starfsmatið er síðan notað í launaröðun. Fulltrúi frá félaginu hefur verið viðstaddur alla starfsmatsfundi þar sem verið er að skoða störf þroskaþjálfna.

Í samræmi við samþykkt á aðalfundi 2009 hefur verið stofnaður Fag- og fræðslusjóður ÞÍ. Reglur sjóðsins er að finna á heimasíðu félagsins.

Vísindasjóður ÞÍ er opin til umsóknar fyrir alla þroskaþjálfna er starfa annars staðar en hjá ríkinu. Vinnuveitandi greiðir í sjóðinn. Laufey hvatti félagsmenn til að sækja um í sjóðinn. Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 31.júlí. Hægt er að sækja rafrænt um að heimasíðu félagsins. Úthlutað verður úr sjóðnum eigi seinna en 1.október.

Starfsleyfisnefnd hefur haft fjögur mál til umfjöllunar á þessu starfsári.

Í síðustu viku var skrifað undir samstarfssamning við Endurmenntun Háskóla Íslands. Þessi samningur felur í sér að Endurmenntun gerir fræðslukönnun

meðal félagsmanna og kemur þannig betur til móts við þarfir félagsmanna um endurmenntun.

Laufey lauk máli sínu með því að tala um þau tímamót sem þroskaþjálfar standa nú á, við þurfum að kynna störf okkar, vera sýnileg, við erum fræðimenn sem eigum að sýna frumkvæði og vera leiðbeinandi. Í rannsókn sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þjónustu við fatlað fólk er athyglisvert að skoða hve oft starfsheitið okkar kemur fyrir. Sigríður Kristjánsdóttir þroskaþjálfari taldi það saman. Orðið þroskaþjálfari kemur alls 2x fyrir í skýrslunni, starfsheiti margra annarra stétta koma mun oftar fram. Fram kemur í skýrslunni að þroskaþjálfar eru 70% af þeim sérfræðimenntuðu einstaklingum sem rætt var um í skýrslunni. Skýrsluna er hægt að lesa á vef Velferðarráðuneytisins. Einnig er á vef Velferðarráðuneytis að finna upplýsingar um NPA – gefin út af NPA sem ein meginstoð í þjónustu við fatlað fólk frá árinu 2014. Við verðum að kynna okkur þetta og koma á framfæri ábendingum.

Að lokum þakkaði Laufey félagsmönnum og starfsmönnum fyrir vel unnin störf.

Fram kom athugasemd úr sal, Salóme finnst sláandi að heyra um talningu starfheita í skýrslu Félagsvísindastofnunar. Hún veltir fyrir sér hvort við höfum einhver ráð eða viðbrögð í farvatninu varðandi þessa orðanotkun. Anna Lilja framkvæmdastjóri segir að samband hafi verið haft við Félagsvísindastofnun varðandi þetta. Þar fengust þau svör að í spurningum sem bornar voru upp hafi orðið þroskaþjálfari eða þroskaþjálfun komið mun oftar fyrir en í samantekt hafi framsetningin verið með þessum hætti. Þessi rannsókn veitir ómetanlegar upplýsingar um flutninginn á málaflokknum, mun meiri en fram komi í skýrslunni

Ólafur fundarstjóri benti á að hægt væri að lesa skýrslur nefnda og ráða í aðalfundargögnum enda þær skýrslur ekki lesnar á aðalfundi í samræmi við lög og reglur félagsins.

c) Valborg Helgadóttir gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðasta starfsár (sjá bls. 11-13). Rekstarreikningur sýnir hagnað upp á 4,4 m.kr. eftir fjármagnstekjuskatt. Fram kom í máli Valborgar að félagið er nú í fyrsta skipti að setja inn útistandandi skuldir sem einhverju nemur. Þetta er vegna þess að sveitafélög eru mislengi að skila inn félagsgjöldum, ekki skera nein sveitafélög sig út varðandi þetta.

Meiri tekjur voru í vísindasjóð 2011 en 2010 enda fleiri félagsmenn sem starfa núna hjá sveitafélögum. (Sjá bls. 14).

Fyrirspurn kom úr sal varðandi það hvað kostnaður við ráð og nefndir feli í sér. Þessi kostnaðarliður felur í sér trúnaðarmannráðið. Ferðakostnaður trúnaðarmanna af landsbyggðinni er greiddur, einnig er kostnaður vegna ferða trúnaðamanna sem voru í samninganefndum. Heildarkostnaður þessa liðs er lægri en gert var ráð fyrir vegna þess að trúnaðarmannafundum var fækkað og hefur Laufey frekar farið út á land sem er mun hagstæðara það þessu leiti.

Ársreikningar einróma samþykktir með lófaklappi.

d) Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

e) Kosning í stjórn, ráð og nefndir

Þóroddur Þórarinsson fyrir hönd kjörnefndar. Kjörnefnd auglýsti eftir útnefningum með póstlista. Reyndist mjög vel og verður örugglega gert aftur.

Þóroddur fór yfir uppstillingu kjörnefndar.

Formaður: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Stjórnarmenn: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Útgáfuráð: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Fagráð: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Laganefnd: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Kjörnefnd: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins

Skoðunarmenn reikninga: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin

Valborg Helgadóttir lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs. Sérstaklega tekið fram að gert er ráð fyrir 2 milljónum vegna kostnaður við ritun sögu félagsins. Áætlaður kostnaður vegna bókarinnar er 6-8 milljónir sem dreifast á 3 ár. Félagið stendur vel og getur staðið undir þessum kostnaði. Ábending kom um að þessi bók gæti nýst sem heimild í fræðistöfum nema. Ekki eru leyfilegt að nota t.d. greinar í Þroskaþjálfum sem heimild þar sem þær greinar eru ekki ritrýndar.

Fyrirspurn úr sal: um liðinn sérfræðikostnaður. Á síðasta ári var áætlunin hærri en gert er ráð fyrir núna. Valborg svaraði því til að áætlunin í fyrra gerði ráð fyrir kostnaði t.d. vegna kosningu um kjarasamninga.

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði óbreytt, þ.e. 1,5% af dagvinnulaunum. Borið til atkvæða, samþykkt án athugasemda.

h) Önnur mál

Engin lagði fram önnur mál.

Laufey flutti lokaorð. Þakkaði traustið að vera kjörin aftur til formennsku.

Hún þakkaði nefndum og ráðum fyrir störfín árinu, sérstaklega þeim sem eru að láta af störfum.

Fyrsta verk Laufeyjar í fyrramálið verður að hafa samband við Þorvald Guðmundsson rithöfund og gera við hann samning um ritun sögu félagsins.

Fram kom í máli Laufeyjar að tveir félagsmenn búnir að taka að taka að sér að vera skemmtinefnd félagsins. Verður gaman að fylgjast með hvað kemur út úr því.

Þroskaþjálfinn er í fullri vinnslu og kemur væntanlega út í maí. Kristín Björnsdóttir er farin úr útgáfuráði og í hennar stað kemur Guðrún Stefánsdóttir.

Að lokum bauð Laufey nýtt fólk velkomið í stjórn, ráð og nefndir. 23 apríl kl. 16.30 verður fundur með öllum ráðum og nefndum til að stilla saman strengi.

Laufey þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir störfín og afhenti þeim rósir.

Ólafur fundarstjóri þakkaði fyrir sig.

Fundi slitið kl. 18.45.

Ritarar: Hrefna Höskuldsdóttir og Sigríður I. Daníelsdóttir